



# Stígamót

ÁRSSKÝRSLA 2001



## **STÍGAMÓT**

Vesturgötu 3, Reykjavík

símar 562 68 68 og 800 68 68, þjónustusími fyrir konur í kynlífsþjónustu 800 53 53

Fax 562 68 57

Netfang: [stigamot@stigamot.is](mailto:stigamot@stigamot.is)

Vefsíða: [www.stigamot.is](http://www.stigamot.is)

Ritstjórn:

tölfræði: Dána Sigurðardóttir, texti: Rúna Jónsdóttir

forsíða: augl. Stígamóta um norræna ráðstefnu um ofbeldismenn (mynd P og Ó augl.st.)

tölfræðileg úrvinnsla: Stígamótakonur

myndir úr eigin safni og lánaðar frá Morgunbl. (Billi) og Eyrúnu Jónsdóttur á Neyðarmóttöku

umbrot og hönnun: Dána Sigurðardóttir

© Stígamót 2002

# Ársskýrsla Stígamóta árið 2001

## Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna.

Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafar-hópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin



Stígamót Vesturgötu 3

og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfssemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og byggja í starfi á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfssemi sína 8. mars 1990.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kvennapólitískra (feminískra) kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hinsvegar.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á kvennapólitískum kenningum um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru samkvæmt okkar tölum í meira en 98% tilfella karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta. Hvaða kona eða barn sem er, á á hættu að vera beitt kynferðisofbeldi.

Við lítum því svo á að þeir sem beita kynferðisofbeldi noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarþúgrein, markmiðið er ávallt að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem ofbeldið beinist að. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem fyrir því verða. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

# Ársskýrsla Stígamóta árið 2001

## Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna.

Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafar-hópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin



Stígamót Vesturgötu 3

og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfssemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og byggja í starfi á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kvennapólitískra (feminískra) kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hins vegar.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á kvennapólitískum kenningum um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru samkvæmt okkar tölum í meira en 98% tilfella karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta. Hvaða kona eða barn sem er, á á hættu að vera beitt kynferðisofbeldi.

Við lítum því svo á að þeir sem beita kynferðisofbeldi noti það sem stjórnþætti til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarþúgrein, markmiðið er ávallt að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem ofbeldið beinist að. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem fyrir því verða. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

## Skipulag Stígamóta

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og starfshættir allir markast af því. Ábyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Við ráðningu starfskvenna er meðal annars tekið mið af því hvort þær hafi sjálfar verið beittar kynferðisofbeldi. Menntun ein og sér tryggir ekki góðan skilning á vanda þolenda kynferðisofbeldis. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist ávallt á reynslu þeirra, sem hingað leita.

Sérstakur framkvæmdahópur, skipaður fulltrúum frá Kvennaráðgjöf og fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum Stígamóta ásamt fulltrúa starfskvenna, tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum, hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu á árinu þær Sólveig Höskuldsdóttir, Margrét Steinarsdóttir, Rúna Jónsdóttir og Dána Sigurðardóttir. Jóhanna Ólafsdóttir var hluti af hópnum fyrri helming ársins en sagði af sér vegna anna og við tók Theodóra Þórarinsdóttir. Virkar varakonur voru þær Nína Helgadóttir og Helga Heiða Helgadóttir. Tekjur Stígamóta koma frá félagsmálaráðuneyti og Reykjavíkurborg og nokkrum bæjar- og sveitarfélögum.

Samkvæmt ársuppgjöri ársins 2001 var rekstrarkostnaður Stígamóta rúmlega 30 milljónir króna. Þess skal getið að ferðaskrifstofan Samvinnuferðir Landsýn tók að sér að sjá um rekstrarþátt norrænnar ráðstefnu fyrir Stígamót. Ferðaskrifstofan varð gjaldþrota og tap Stígamóta vegna þess varð tæplega fimmtán hundruð þúsund.

Á árinu voru sex starfskonur í föstu starfi hjá Stígamótum Fastir starfsmenn eru Bergrún Sigurðardóttir, Björg Gísladóttir, Dána Sigurðardóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Rúna Jónsdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir. Stöðugildi voru 5.25%. Allt starf leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum var unnið utan fasts vinnutíma. Skrifstofa Stígamóta var opin milli kl. 9.00 og 19.00 alla virka daga eins og undanfarin ár.



Starfshópurinn; í aftari röð þær Bergrún, Björg og Þórunn, í fremri röð: Dóra, Rúna og Dána.

## Starfsemi Stígamóta

### Ríkjandi gildi í starfsháttum

Kvennapólitískar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunnildi í starfi með þeim sem orðið hafa fyrir því, hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða í hópum.

Feministísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir eru kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga, heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra, séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í því að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi, en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á að þeir sem hingað leita séu "sérfræðingarnir" það er að segja enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því ofbeldi hefur verið beittur. Við leitumst því við í starfi okkar að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfskvenna og þeirra sem aðstoðar leita.

Þessar hugmyndir leitumst við við að endurspegla í öllu starfi hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

## Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð, eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beittir. Það fólk sem til Stígamóta leitar ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Margir velja að taka þátt í sjálfs-hjálparhópi eftir nokkur einstaklingsviðtöl. Aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf.

Stuðningur og ráðgjöf starfskvemma Stígamóta er ekki eingöngu bundinn við þá sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir geta einnig fengið stuðning og ráð-gjöf á Stígamótum óski þeir þess.

Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala. Umfangsmikið ráðgjafar-starf fer einnig fram í gegnum síma. Að jafnaði eru mörg stuðningsviðtöl á dag alla virka daga ársins. Um það bil 2/3 hluti þeirra eru ráðgjafarsímtöl vegna nýrra og eldri mála. Fólk á landsbyggðinni notfærir sér þessa leið Jafnframt fólk í barnaverndarnefndum svo og kennarar og leikskólakennarar, sem hafa grun um að barn í þeirra umsjá kunni að hafa verið beitt kynferðisofbeldi. Undanfarin ár hefur það færst í vöxt að konur sem stunda vændi hafa verið í símasambandi við Stígamót vegna vanlíðunar.

## Sjálfs hjálparhópar

Frá upphafi starfsemi Stígamóta hafa sjálfs hjálparhópar verið kjarninn í starfseminni. Boðið er upp á hópa fyrir konur sem beittar hafa verið sífjaspellum og nauðgunum. Reynslan af sjálfs hjálparstarfinu hefur verið mjög góð. Í þessum hópum koma konur saman til þess að sækja sér styrk til að takast á við vandamálin, sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi sem þessu er einangrun rofin, þar veita þátttakendur hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir þar í samskiptum þátttakenda.

Í hverjum sjálfs hjálparhópi eru að jafnaði 4-6 konur og tveir leiðbeinendur. Leiðbeinendur eru konur, sem sjálfar hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og hafa unnið úr þeirri sáru reynslu. Hóparnir eru lokaðir og hittast í 15 skipti með leiðbeinendum á þriggja mánaða tímabili.

Árið 2001 störfuðu 13 sjálfs hjálparhópar á Stígamótum. Það voru 9 sífjaspellahópar, 3 nauðgunar-hópar og 1 reiðihópur. Það var nýjung í starfinu að tveir sífjaspellshópar voru starfræktir á Akureyri á vegum Stígamóta. Að vanda var haldið námskeið fyrir leiðbeinendur í sjálfs hjálparhópum síðastliðð haust.



Hluti af þátttakendum á leiðbeinandanámskeiði Stígamóta í Bláfjöllum fyrir ári síðan

## Börn og unglingar

Með tilkomu Barnahússins skapaðist vettvangur þar sem safnað var á einn stað þverfaglegri þjónustu við börn sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi. Markmiðið var að vanda eins og kostur er rannsókn og meðferð kynferðisbrotamála og tryggja að börn þyrftu ekki að þeytast á milli aðila og staða og margsegja sögu sína. Til Barnahússins geta barnaverndarnefndir leitað hvaðanæva af landinu. Með tilkomu nýrra laga 1. maí árið 1999 urðu þær breytingar á, að dómurum var ætlað að koma að kynferðis-brotamálum á rannsóknarstigi og þykir það auka sönnunargildi yfirheyrslna. Dómurum var um leið gert að ákveða sjálfir hvar yfirheyrslurnar færu fram og hvort þeir nýttu sér aðstoð fagfólks.

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum. Margir foreldrar og aðstandendur hringja þó og leita ráða um hvornig þau eigi að bregðast við, hafi þau grun um að börn þeirra hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er þá ávallt veitt ráðgjöf, en bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd eða lögreglu. Eftir að mál hafa verið gerð opinber, eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta. Díana Sigurðardóttir hefur staðið fyrir mjög árangursríku hópstarfi með unglingsstúlkum og hefur starf hennar verið metið af Barnaverndarstofu og hlotið lofsverða umsögn.

## Símapjónusta

Því miður er ekki til tölfraðileg úttekt á umfangi og eðli þeirrar símapjónustu sem starfskonur Stígamóta veita. Símtölin sl. ár námu þúsundum. Það má þó fullyrða að í símaviðtölum berast okkur upplýsingar um mikið og alvarlegt kynferðisofbeldi sem hvergi kemur fram annars staðar. Þeirri vitneskju þykir okkur fylgja mikil ábyrgð.

Þess má geta að hringingar hafa aukist sl. ár frá konum sem starfa í kynlífsiðnaðinum. Þær eiga það sameiginlegt að þær þjást af nær óbærilegri skömm og sektarkennd yfir aðstæðum sínum og margar þeirra treysta sér ekki til þess að koma í viðtöl.

## Starf Stígamóta á Akureyri

Lengi hefur verið ljóst að konum utan höfuðborgarsvæðisins nýtist illa starf Stígamóta vegna fjarlægða. Stígamót réðust í tilraunaverkefni á Akureyri sl. ár sem að hluta til var styrkt af félagsmála- og jafnréttis-nefndum Akureyrar. Hugmyndin var að færa reynslu Stígamótakvemma norður yfir heiðar þannig að norðlenskar konur gætu svo tekið við og rekið systursamtök Stígamóta á Akureyri.

Tveir sjálfs hjálparhópar störfuðu á tímabilinu frá 27. febrúar til áramóta. Í þeim fyrri voru 7 konur og í þeim seinni 5 nýjar. Í seinni hópnum voru tvær konur úr fyrri hópnum aðstoðarleiddbeinendur. Að auki nýttu 14 konur sér viðtalsþjónustuna og viðtöl voru 72 eða rúmlega 5 fyrir hverja konu. Þessar tölur eru teknar með í samantekt síðar í ársskýrslunni. Að auki sóttu þrjár kvennanna leiðbeinendanámskeið Stígamóta sem haldið var í september í Reykjavík.

Það er mat Bergrúnar Sigurðardóttur sem leiddi starfið á Akureyri að vel hafi tekist til. Því miður komust færri að en vildu, enda aðeins mögulegt að taka þrjú viðtöl í viku. Áætlanir eru uppi um áframhald þessarar starfsemi.

## Þjónusta við konur í kynlífsþjónustu

Í gegnum árin hefur Stígamótakonum orðið æ ljósari tengslin á milli kynferðisofbeldis og vændis. Vændi er mjög falin starfsemi á Íslandi og margar konur og nokkrir karlar sem leitað hafa til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis hafa skýrt frá störfum í kynlífsiðnaðinum. Nær allt á þetta fólk sameiginlegt að hafa verið beitt kynferðisofbeldi í æsku, hafa síðan leiðst út í fíkniefnaneyslu og síðar fjármagnað hana með vændi. Skömm þeirra vegna þessarar iðju er nær óbærileg og flest eiga þau það sameiginlegt að þeim finnst þau hafa misst alla stjórn á aðstæðum sínum, þannig að þau hafi ekki haft val um hver seldi þau, hverjum, eða hvers konar kynlífsathafni þau þyrftu að taka þátt í.


Eftir að Stígamótakonur fóru að beita sér gegn klám- og vændisiðnaðinum í fjölmiðlum hefur það aukist að fólk hringi án þess að ræða um kynferðisofbeldi í æsku og fíkniefnaneyslu. Eitt af áhyggjuefnum þessa fólks er hin nýja dreifing klámmyndefnis, bæði á myndböndum og á netinu. Fólk sem veit af myndum af sér í dreifingu finnst það ekki eiga sér viðreisnar von.

## Kristínarsjóðurinn

Ekki verður skilið við síðastliðið ár án þess að minnast þeirrar Stígamótakonu sem kennt hefur Stígamótum og þjóðinni allri hvað mest um tengslin á milli kynferðisofbeldis og vændis. Hún kom hvað eftir annað fram í fjölmiðlum og gerði það sem hægt var til þess að aflífa goðsögnina um "hina hamingjusömu hóru". Hún var jafnframt mikilvægasta vitni vændisskýrslunnar. Hún kom ekki fram undir nafni, en við köllum hana Kristínu. Kristínu tókst aldrei að losa sig undan áhrifum ofbeldisins og þar kom stuttu eftir útkomu vændisskýrslunnar að hún svipti sig lífi. Hennar er sárt saknað og dauði hennar hefur kennt okkur þá erfiðu lexíu að afleiðingar vændis geta beinlínis verið lífshættulegar. Stígamótakonur ákváðu að láta dauða hennar ekki verða til einskis, hann skyldi brýna okkur í baráttunni gegn vændi.

Stuttu síðar ánaðnaði Kolbrún Halldórsdóttir þingkona Stígamótum kr. 50.000.- sem hún vann í spurn-ingakeppni í sjónvarpi. Sú upphæð er grunnurinn að Kristínarsjóðnum svokallaða. Sjóðnum sem nota á í baráttunni gegn vændi. Á norrænu ráðstefnunni sem Stígamóta héldu í sumar söfnuðust aðrar 50.000.- kr. í sjóðinn. Svo hann hljóðar því uppá eitt hundrað þúsund krónur.

## Útihátíðir



Aðstaða Stígamóta og Neyðarmóttöku á Eldborg (mynd: Eyrún Jóns á Neyðarmóttöku)

Á síðasta ári voru haldnar 17 útihátíðir víðs vegar um landið. Stígamótakonur voru fengnar til starfa á Eldborg á Snæfellsnesi ásamt fulltrúum frá Neyðarmóttöku. Þar skapaðist neyðarástand strax á föstudegi og áður en hátíðinni var lokið höfðu 11 stúlkur leitað sér hjálpar vegna nauðgunar a.m.k. 14 nauðgara, en tvær nauðganirnar voru hópnauðganir. Upp komst um smjörsýruneyslu á svæðinu og í a.m.k. einu tilfelli var stúlka undir áhrifum hennar þegar henni var nauðgað. Samtals leituðu 14 stúlkur til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis á útihátíðum sumarsins. Um er að ræða þriðjungs aukningu frá sl.

ári og óviðunandi ástand. Mikil fjölmiðlaumræða skapaðist í kjölfarið og dómsmálaráðherra skipaði vinnuhóp til þess að gera tillögur um hertar reglur til þess að stemma stigu við því líkum uppkomum. Stígamótum var boðin aðild að vinnuhópnum og fól Rúnu Jónsdóttur starfann, nefndin hefur ekki lokið störfum.

## Fræðsla og kynning

Frá upphafi hefur meginmarkmið Stígamóta verið tvíþætt. Annars vegar að veita stuðning og ráðgjöf þeim sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi og hins vegar að vinna kvennapólitíska samfélagsvinnu. Stígamót tóku virkan þátt í þeirri fjölmiðlaumræðu sem tengdist kynferðisofbeldi í sinni víðustu mynd.

Stígamót voru umsagnaraðilar um þingmál sem snerta kynferðisofbeldi og lögð voru fram á þingi. Einnig var völdum hópnum boðið til Stígamóta í eftirmiðdagskaffi. Að þessu sinni komu til okkar fulltrúar allra þingflokka. Þeim voru kynntar niðurstöður norrænu ráðstefnunnar sem síðar verður sagt frá og að lokum afhentur listi yfir hugsanleg



Þær Dóra og Berggrún starfskonur Stígamóta útbúa gjafir fyrir erlenda gesti ráðstefnunnar sl. sumar

sem Stígamót telja að geti gagnast í baráttunni gegn kynferðisofbeldi. Tillögnum var vel tekið og tvær fyrirspurnir voru lagðar fram á þingi strax í vikunni á eftir. Önnur var um fjölda skráðra og kærðra nauðgunarmála og svo dóma. Hin fjallaði um hvernig nálgunarbanaslögin hefðu virkað. Efst á óskalistanum er frumvarp um að fjarlægja ofbeldismenn af heimilum og vonandi verður það flutt áður en þingi lýkur. Félagsmálaráði Reykjavíkur var einnig boðið í slíka heimsókn og komu til okkar fjórir borgarfulltrúar og hlustuðu á málflutning okkar.

Á árinu voru haldin mörg fræðsluerindi um kynferðisofbeldi og afleiðingar þess í skólum og á vegum ýmissa félagsamtaka. Má þar nefna Soroptimista í Munaðarnesi, 16 tíma námskeið um kynferðislega áreitni fyrir fangaverði landsins, erindi á málþingi á vegum Rauða krossins um ofbeldi, fræðslu fyrir starfsfólk Heilsugæslunnar á Seltjarnarnesi og fl.

Talsverður fjöldi skólafólks úr efstu bekkjum grunnskóla, á framhalds- og á háskólastigi leitaði til Stígamóta vegna verkefna um kynferðisofbeldi, sem þau voru að vinna að. Má þar nefna auk grunn- og framhaldsskólana, félagsráðgjafarnema, sálfræðinema, mannfræðinema, guðfræðinema, djáknanema, þroskaþjálfanema og kennaraskólana. Síðastliðin tvö ár hafa guðfræðikandidatar heimsótt Stígamót og sýnt starfinu sérstakan áhuga. Samstarfsaðilar Stígamóta eins og teymi Neyðarmóttökunnar og fulltrúar Félagsþjónustunnar heimsóttu Stígamót og fengu kynningu á starfsemi og eru slík tengsl mjög mikilvæg.

Þegar skýrsla dómsmálaráðherra á Íslandi var samin um vændi var m.a. leitað til Stígamóta um upplýsingar. Mikilvæg vitni skýrslunnar voru Stígamótakonur og staðfesti skýrslan það sem Stígamótakonur höfðu haldið fram að vændi þrífist í tengslum við flesta svokallaða nektarstaði á Íslandi og að vændi væri alvarlegt og útbreitt samfélagsmein.

Stígamót tóku sem fyrr virkan þátt í fjölmiðlaumræðunni. Þess má geta að Stígamót voru sótt heim af þýska sjónvarpinu sem gerði fréttaskýringarþátt um Eldborg, Sagafilm gerði stuttmynd um klámiðnaðinn á Íslandi sem sýnd var í tíu Evrópulöndum og fengu Stígamót tækifæri til þess að koma að sinni sýn á þann iðnað. Sænskir fjölmiðlar tóku upp ummæli Stígamótafulltrúans í Stokkhólmi um klámiðnað og seinna líka um nauðganir á útihátíðum.

## Alþjóðastarf Stígamóta

Alþjóðavæðing grípur inní flest svið þjóðlífsins, heimurinn er að verða minni uppá gott og vont. Það góða eru m.a. aukin og bætt tengsl við systursamtök okkar bæði á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu og í Ameríku. Það vona er klámiðnaðurinn hefur alþjóðavæðst og kynlífsþrælasala hefur teygst anga sína til Íslands.



Frá norrænu ráðstefnunni um ofbeldismenn á vegum "Norræna kvenna gegn ofbeldi" sem var megin verkefni Stígamóta árið 2001

## Ráðstefnur og fundir

Stígamótum var bæði boðið að taka þátt í ýmsum ráðstefnum, fundum og námskeiðum erlendis og Stígamót áttu líka frumkvæði að fundum og nýjum tengslum.

Jóhanna Ólafsdóttir sem leitt hefur sjálfshjálparhópa fyrir Stígamót fór til Budapest í Ungverjalandi til þess að taka þátt í námskeiði um ungar konur og ofbeldi. Hún fór líka til Strassborgar á vegum Evrópuráðsins á ráðstefnu um ungar konur í minnihlutahópum.

Þórunn Þórarinsdóttir tók þátt í Vest-norrænum vinnuhópi um aðgerðir gegn ofbeldi á vegum stjórnvalda og fór í því skyni til Grænlands.

Halldóra Halldórsdóttir er fulltrúi Stígamóta í samevrópska rannsóknarverkefninu "Nauðgun – gleymda málefnið" sem stýrt er av Liz Kelly og Lindu Regan. Í tengslum við það fór hún til London í febrúar á fund evrópskra systursamtaka okkar.

Rúna Jónsdóttir sótti ráðstefnu ROKS – sænsku kvennaathvarfahreyfingarinnar í byrjun febrúar og skapaðist vegna þess mikil fjölmiðlaumræða. Á ráðstefnunni báru konur saman bækur sínar um umfang og birtingarmyndir klámiðnaðar í heimalöndum sínum. Það vakti athygli sænskra fjölmiðla að þúsund erlendar konur höfðu verið fluttar til Íslands á ári til þess að starfa á nektarstöðunum (ein fyrir hverja hundrað karla) þótt þær dveldust aðeins einn mánuð í senn áður en lögum var breytt. Til samanburðar voru 500 erlendar konur fluttar til Danmerkur til skammtíma starfa í klámiðnaði eða ein fyrir hverja fjögur þúsund danska karla og þótti Dönum nóg um það. Annað sem kom á óvart var að hinn svokallaði

”einkadans” væri leyfður á Íslandi, hann þekkist ekki opinberlega á hinum Norðurlöndunum. Umræðan í sænsku fjölmiðlunum barst til Íslands og kom illa við nektarklúbbseigendur og neytendur og því miður hrökk félagsmálaráðherra í vörn og véfengdi upplýsingarnar. Ekki löngu seinna kom út vændisskýrsla dómsmálaráðherra sem studdi sterkum rökum hvers eðlis starfsemi nektarstaðanna á Íslandi er.

Stígamót héldu áfram afskiptum af kynlífsþrælasölu og Rúna Jónsdóttir tók þátt í ráðstefnuröð annars vegar í Kaupmannahöfn og hins vegar í Vilniús í Litháen um sama efni. Að auki var haldinn undirbúningsfundur í Kaupmannahöfn fyrir norrænu ráðstefnuna sem Stígamót héldu í lok sumars.

Stígamótum var boðið að senda fulltrúa á viku námskeið WAVE – evrópsku kvennaathvarfasamtakanna um fræðslu fyrir fagfólk og almenning. Námskeiðið var haldið í Vín og voru þátttakendur nestaðir með miklu fræðsluefni um kynferðisofbeldi.

En samskipti Stígamóta við útlönd fólust líka í heimsóknnum erlendra gesta til okkar. Umboðsmaður jafnréttismála í Litháen heimsótti Stígamót með föruneyti. Hópur norrænna fræðikvenna ásamt Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur kom í heimsókn það gerði líka félagsmálanefnd Grænlenka þingsins í fylgd Benediktu Thorsteinsson og ýmsir fleiri. Síðast skal nefnt stórverkefni ársins, 200 kvenna ráðstefna fyrir regnhlífarsamtökin ”Norrænar konur gegn ofbeldi.

### Aðild Stígamóta að alþjóðasamtökum

Stígamót eru meðlimir í fjórum norrænum og alþjóðlegum kvennasamtökum. Þau eru; Norrænar konur gegn ofbeldi sem eru regnhlífarsamtök norrænna kvennaathvarfa og nú einnig ráðgjafarstöðva vegna kynferðisofbeldis, WAVE – women against violence in Europe, International Abolitionist Federation sem eru elstu starfandi samtök gegn vandi í heiminum og Coalition Against Trafficking in Women sem sérstaklega beita sér gegn þeirri nútíma þrælasölu á konum sem kynlífsiðnaðurinn stundar.


### Fyrsti fundur norrænna systursamtaka Stígamóta var haldinn á Íslandi 25. ágúst

Norrænu ráðgjafarstöðvarnar gegn kynferðisofbeldi eru 32. Þeim var í fyrsta skipti boðin aðild að samtökunum Norrænar konur gegn ofbeldi og hittust þau á Íslandi í sumar í tengslum við ráðstefnu samtakanna.

Stígamótakonur höfðu lagt mikla vinnu í að ná tengslum bæði í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Stöðvar voru heimsóttar og í ljós kom að í hverju landi fyrir sig vissu konur lítið sem ekkert um starfsemi á hinum Norðurlöndunum.


Á fundinn mættu konur frá sjö ráðgjafarstöðvum. Í ljós kom að hugmyndafræði þeirra er innbyrðis mjög ólík. Munurinn felst fyrst og fremst í því hverjar reka stöðvarnar, fagfólk, konur sem sjálfar hafa orðið fyrir ofbeldi eða blanda úr báðum hópum. Annað atriði sem greindi að stöðvarnar, er í hvaða ljósi ofbeldið er litið. Annars vegar er um að ræða kvennapólitísk samtök eins og Stígamót, Stöðcentrum BEDA í Gautaborg og fleiri, hins vegar samtök sem viðurkenna ekki samhengið á milli kynferðisofbeldis og kyns. Allar voru fundarkonur sammála um að fróðlegt væri að hittast og bera saman bækur sínar, og tónninn var vinsamlegur, en í ljósi þess hversu ólíkar stöðvarnar væru væri ekki grundvöllur fyrir sér-samtökum þessara aðila. Ákveðið var að óska eftir að settir yrðu af tveir tímar til fundarhalda þessa hóps í tengslum við ráðstefnur framtíðarinnar.

Þó ákveðin vonbrigði hafi fylgt því að ná ekki hljómgrunni með öllum systursamtökunum, var fundurinn mikilvægur. Stígamótakonur voru enn ánægðari en áður með eigin hugmyndafræði, starfsaðferðir og áherslur. Þarna voru líka fulltrúar stöðva sem örugglega eiga eftir að vinna með Stígamótakonur framtíðarinnar. Stöðcentrum Beda í Gautaborg stóð að vinnuhópi og sýndi áhugavert myndband um starfsaðferðir sínar. Myndin hefur fengið mjög lofsverða dóma í Svíþjóð síðan. Stígamót buðu ráðstefnugestum í opið hús og trakteruðu með pönnukökum og flatkökum með hangikjöti að góðum íslenskum sið.



### Hinir óbifanlegu – ofbeldismenn

Stígamót tóku að sér að halda 8. ráðstefnu norrænu kvennaathvarfahreyfingarinnar; Nordiske kvinner mot vold, dagana 25. -27. ágúst á Hótel Loftleiðum í Reykjavík. Kvennaathvarfinu, Brieti félagi ungra feminista og fleirum var boðið að taka þátt í undirbúningnum en meginvinnan var unnin á Stígamótum. Ráðstefnan markaði tímamót innan samtakanna í mörgum skilningi. Um fund systursamtaka Stígamóta er fjallað hér á eftir. Styrkur fékkst frá Norrænu ráðherranefndinni til þess að færa út kvíarnar og bjóða nýjum hópum aðild að samtökunum. Þeir nýju hópar sem slógust í hópinn voru aðallega ungir feministar eins og Briet, Kvinnegruppe Ottar og Kvinnefronten i Noregi, og stelpnaathvörfin í Svíþjóð.



Erlendir gestir ráðstefnunnar í Bláa lóninu, þar sem boðið var uppá drykk, mat og skemmtiatriði.

Ráðstefnan fjallaði um ofbeldismenn, en þeir eru hinir eiginlegu vinnuveitendur kvennaathvarfanna og ráðgjafarmiðstöðvanna. Fyrirlesarar voru allar heimsþekktar innan kvenna-hreyfingarinnar, þær Janice Raymond frá Coalition Against Trafficking in Women, Liz Kelly frá Bretlandi sem nýlega gerði samanburðarrannsókn á meðferð nauðgunar mála í Evrópu þar sem Ísland var tekið með, Maud Eduards prófessor frá Stokkhólmi sem ræddi um karla sem hóp í tengslum við kynferðisofbeldi og Rosa Logar frá Austurríki sem sagði frá austurrísku lögunum ”Stöðvum ofbeldismennina, en þau byggjast á að fjarlægja ofbeldismenn frá heimilum sínum, ógni þeir öryggi heimilisfólksins.

Ráðstefnuna sóttu rúmlega tvö hundruð konur frá öllum Norðurlöndunum.

## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að kynna þær skilgreiningar á sífjaspellum og nauðgunum sem notaðar eru við tölfræðilega úrvinnslu í skýrslu þessari.

*Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.*

*Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfsstjórn hennar á bak aftur.*

Á árinu 2001 leituðu 410 einstaklingar til Stígamóta og af þeim voru 225 einstaklingar að leita sér aðstoðar í fyrsta skipti. Það er um 5% aukning frá sl. ári. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2001 miðast eingöngu við síðari hópinn, það er 225 einstaklinga.

Á þeim 12 árum sem liðin eru frá stofnun Stígamóta til ársloka 2001 hafa 3250 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að 4805 ofbeldismenn hafa beitt þessa þolendur kynferðisofbeldi.

Það er athygli vert hversu miklu fleiri ofbeldismennirnir eru en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleirum en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.


Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2001 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á tíu síðustu starfsárum, en þann tíma hefur farið fram samræmd skráning tölulegra upplýsinga.

**Tafla 1a) Skipting einstaklinganna eftir kyni**

	Fjöldi	Hlutf.
Konur	208	92,4%
Karlar	17	7,6%
	<b>225</b>	<b>100%</b>

Tafla 1a sýnir að Stígamót ná væntanlega betur til kvenna en karla. Um helmingsfjölgun karla er þó að ræða frá sl. ári þegar 9 karlar nýttu sér Stígamót.

Vandaðar erlendar rannsóknir á tíðni sífjaspella benda til að um 10-20% stúlkna hafi orðið fyrir sífjaspellum fyrir 18 ára aldur og að einn drengur á móti hverjum fjórum stúlkum verði fyrir sífjaspellum (Russell 1986). Samkvæmt þessum tölum þeir því að vera um 25% þeirra sem til okkar leita vegna sífjaspella, en eru 11,4% af þeim hópi (af 149).



**Tafla 1b) Fjöldi viðtala árið 2001**


Fjöldi einstaklinga	Þar af ný mál	Heildarfjöldi viðtala
410	225	1734

Fjöldi þeirra sem leitað hafa árlega til Stígamóta minnkaði allt frá árinu 1994 og fram til 1998. Það hefur þótt eðlilegt í ljósi þess að fram til þess að Stígamót urðu til, fundust fá úrræði fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Þörfin fyrir stuðning var því væntanlega uppsöfnuð. Í fyrsta skipti árið 1999 var um fjölgun að ræða úr 178 nýjum málum í 213 ný mál. Þessi aukna aðsókn hefur haldið áfram og fjölgun nýrra einstaklinga frá sl. ári er um 5%. Fjöldi viðtala jókst líka úr 1662 í 1734 eða um tæp 5%.

Á þessari fjölgun höfum við enga augljósa skýringu. Vonandi þýða tölurnar ekki auknið ofbeldi heldur að fleiri leita sér stuðnings. Það ánægjulega er að fjölgunin er mest á meðal ungra kvenna á aldirum 19-29 ára sem bendir til þess að færri munu bera leyndarmálið í áratugi. Merkja má að sl. þrjú ár hefur verið lögð sérstök áhersla á fræðslu og kynningu og Stígamót hafa verið sýnileg í fjölmiðlum. Ákveðið samhengi gæti verið á milli kynningar í fjölmiðlum annars vegar og aðsóknar hins vegar.

**Tafla 1c) Fjöldi viðtala eftir mánuðum árið 2001**

Fjöldi nýrra einstaklinga skiptist þannig eftir mánuðum:



Það er einkennandi fyrir starf Stígamóta að aðsókn er breytileg á milli mánaða og óútreiknanlegt hvenær topparnir koma. Að meðaltali voru tæp 19 ný viðtöl á mánuði. Þess má þó geta að Stígamót voru mikið í fjölmiðlum í kringum 8. mars og í lok ágúst og september þegar norræna ráðstefnan var haldin hér.



Tafla 2 a) Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2001


	Fjöldi	Hlutf.
Sifjaspell og afleiðingar þeirra	139	56,7%
Nauðganir og afleiðingar þeirra	82	33,5%
Grunur um sifjaspell	4	1,6%
Kynferðisleg áreitni	10	4,1%
Klám	3	1,2%
Vændi	6	2,4%
Annað	1	0,4%
	<b>245</b>	<b>100%</b>

Þeir einstaklingar sem til okkar leita, koma gjarnan af fleiri en einni ástæðu. Þess vegna eru ástæðurnar fleiri en einstaklingarnir. Þar sem um grun um sifjaspell er að ræða, er ástæðan sú að viðkomandi ber mörg einkenni þess að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, en minnið er brostið. T.d. getur verið um það að ræða að viðkomandi truflist af svipmyndum, martröðum eða mikilli vanlíðan í návist


ákveðinna manna eða á ákveðnum stöðum, en getur ekki munað hvað gerðist.

Konur hafa komið hingað vegna klámnotkunar sambýlis manna þeirra sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu. Aðrar hafa orðið fyrir því að teknar hafa verið myndir af þeim í kynlífsathöfnum án þess að þær vissu og þeim síðan dreift.

Tölur um vændi eru villandi. Nokkur fjöldi kvenna var í reglulegu símasambandi við Stígamót vegna vændis. Þess ber að geta að tölulegar upplýsingar um símaviðtöl eru því miður ekki í ársskýrslunni. Einnig er vændi ákaflega falið og oft koma upplýsingar um það ekki í ljós fyrir en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í nokkrum tilfellum. Það þriðja sem taka þarf fram er að nokkrir einstaklingar eru búnir að vera í sambandi við Stígamót í nokkur ár vegna vanlíðunar út af vændi. Þeir koma heldur ekki fram í ársskýrslunni. Þar sem heildarmyndina vantar, er ekki vogandi að giska á fjölda þeirra sem leitað hafa stuðnings vegna vændis.




Tafla 2 b) Samanburður milli ára



Tafla 3) Hverjir leituðu til Stígamóta í fyrsta viðtal árið 2001?

	Fjöldi	Hlutf.
Polandi	206	91,6%
Foreldrar polanda	4	1,8%
Móðir polanda	8	3,6%
Vinir	4	1,8%
Systkini	2	0,9%
Maki	1	0,4%
Annar	0	0,0%
	<b>225</b>	<b>100%</b>



Í ársskýrslunni eru ekki teknar saman tölur um það fólk sem sótti sér fræðslu í einu eða öðru formi hjá Stígamótum. Hér eru því ekki upplýsingar um námsfólk, stjórnmalamenn, samstarfsaðila, fræðikonur og ýmsa fl. sem ekki komu vegna eigin reynslu af kynferðisofbeldi.

**Tafla 4 a/b) Aldur þolenda þegar ofbeldið var framið og aldur þegar aðstoðar var leitað árið 2001**

Tafla 4a sýnir aldur þolenda þegar leitað er til Stígamóta, en í töflu 4b kemur fram aldur þeirra þegar ofbeldið hófst. Flestir eru á aldrinum 16 ára til 49 ára eða 88.4 % þegar leitað er aðstoðar. Ofbeldið er hins vegar framið í 72 % tilfella þegar viðkomandi voru innan við 16 ára aldur.

**4a)**


	Fjöldi	Hlutf.
0-4 ára	2	0,9%
5-10 ára	6	2,7%
11-15 ára	7	3,1%
16-18 ára	25	11,1%
19-29 ára	106	47,1%
30-39 ára	46	20,4%
40-49 ára	22	9,8%
50-59 ára	11	4,9%
60 ára og eldri	0	0,0%
Óvíst	0	0,0%
	<b>225</b>	<b>100%</b>

**4b)**

	Fjöldi	Hlutf.
0-4 ára	7	3,1%
5-10 ára	122	54,2%
11-15 ára	33	14,7%
16-18 ára	22	9,8%
19-29 ára	30	13,3%
30-39 ára	4	1,8%
40-49 ára	2	0,9%
50-59 ára	0	0,0%
60 ára og eldri	0	0,0%
Óvíst	5	2,2%
	<b>225</b>	<b>100%</b>

**Tafla 4 c) Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað er aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldið er fram**


Súluritið 4c sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað er til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast við árið 2001. Tekið skal fram að 40 einstaklingar eru yngri en 18 ára. Í þeim tilfellum eru málin alltaf þekkt af barnaverndaryfirvöldum.



Samanburðurinn leiðir einnig í ljós að þrátt fyrir tilvist Stígamóta í tólf ár er fólk enn að leita sér aðstoðar vegna kynferðisofbeldis sem átti sér stað fyrir 10-30 árum. Þessi staðreynd sýnir vel hversu mörgum reynist erfitt að ræða ofbeldið og gera það ógjarnan fyrir en afleiðingar þess eru orðnar afar þungbærar.


**Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga**

**Tafla 5) Uppeldisaðstæður**



Flestir þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2001 eða 75.6 % ólust upp hjá kynforeldrum.

**Tafla 6) Hjúskaparstaða**





Tafla 7) Fjöldi barna

	Fjöldi	Hlutf.
Barnlaus	121	53,8%
Eitt barn	30	13,3%
Tvö börn	35	15,6%
Þrjú börn	23	10,2%
Fjögur börn	11	4,9%
Fimm börn	1	0,4%
Óvíst	4	1,8%
	<b>225</b>	<b>100%</b>

Töflur 6 og 7 sýna hjúskaparstöðu þegar leitað er aðstoðar og fjölda barna. Í töflunni kemur fram að tæplega helmingur einstaklinga eru barnlausir. Í því sambandi verður að hafa í huga að 40 þeirra sem leita aðstoðar eru 18 ára og yngri (sbr. tafla 4a)


Tafla 8 a/b) Menntun og atvinna



Töflurnar og súluritin hér að framan bera með sér að bæði starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2001 sýna að 31,1 % eru við nám og 26,7 % hafa hætt skólagöngu eftir skyldunám, um 60% fer í framhaldsnám og 4 þolendur luku ekki skyldunámi.

Eins og töflurnar sýna eru þeir sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi úr öllum starfsstétum og menntun þeirra er mismunandi.


Tafla 9) Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað



Tölurnar í töflunni miðast við þann stað sem einstaklingarnir voru á þegar þeir urðu fyrir ofbeldi. Á undanförunum árum hefur ofbeldið átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu í um helmingi tilvika.

Það sem í töflunni er flokkað úti á landi er bæði þéttbýli og dreifbýli á landsbyggðinni. Kynferðislegt ofbeldi er sem sagt hvorki bundið við þéttbýli né dreifbýli, það á sér ekki landfræðileg mörk.

Tafla 10 a) Búseta þolenda þegar leitað var til Stígamóta árið 2001



Þó aðeins rúmlega 70% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta búi á höfuðborgarsvæðinu, er það fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna.

Tafla 10 b) Búseta; samanburður milli ára

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Reykjavík	54,4%	66,0%	58,4%	62,9%	62,0%	60,3%	67,3%	59,6%	49,5%	107 47,6%
Kópavogur	9,9%	3,2%	3,2%	7,8%	4,7%	7,0%	3,4%	5,6%	9,8%	20 8,9%
Hafnarfjörður	8,4%	6,8%	8,7%	5,3%	5,1%	4,7%	6,7%	7,5%	9,3%	18 8,0%
Seltjarnarnes	0,4%	0,3%	0,9%	1,1%	0,0%	0,0%	0,6%	3,8%	2,8%	3 1,3%
Garðabær	2,0%	1,9%	2,0%	0,0%	0,8%	1,9%	0,6%	1,9%	3,7%	2 0,9%
Mosfellsbær	0,7%	2,9%	1,7%	2,1%	0,8%	1,4%	0,0%	3,3%	2,3%	9 4,0%
Úti á landi	23,1%	17,8%	25,1%	18,7%	25,4%	22,8%	18,0%	17,4%	21,5%	56 24,9%
Erlendis	1,1%	1,1%	0,0%	2,1%	1,2%	1,9%	3,4%	0,9%	0,9%	10 4,4%
<b>Fjöldi</b>	<b>454</b>	<b>309</b>	<b>346</b>	<b>283</b>	<b>256</b>	<b>215</b>	<b>178</b>	<b>213</b>	<b>214</b>	<b>225</b>

Súlurit 10a sýnir búsetu þolenda þegar þeir leita til Stígamóta árið 2001. Við höfum orðið áþreifanlega varar við það í starfinu hversu miklum erfðileikum það er bundið fyrir fólk sem býr úti á landi að leita sér aðstoðar vegna afleiðinga kynferðisofbeldis. Þrátt fyrir það búa tæp 25% þeirra sem leita aðstoðar utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Ótrúlega margir láta fjarlægðina frá höfuðborginni ekki aftra sér. Íbúar landsbyggðarinnar notast einnig við símann til þess að leita sér stuðnings og aðstoðar. Eins og annars staðar er getið var gerð tilraun með starfsemi Stígamót á Akureyri. Þar voru tveir sjálfshjálparhópar starfræktir og 14 konur nýttu sér viðtöl þar. Viðtöl urðu 72.


Í töflu 10b er gerð grein fyrir búsetu þolenda árin 1992 til 2001.

## Um ofbeldisverkin

Tafla 11) Líkamlegt ofbeldi í bernsku

	Fjöldi	Hlutf.
Já	22	9,8%
Nei	190	84,4%
Ekki vitað	13	5,8%
<b>Samtals</b>	<b>225</b>	<b>100%</b>

Eins og sjá má á töflu 11 höfðu 22 einstaklingar sem leituðu til Stígamóta árið 2001 eða tæp 10% búið við líkamlegt ofbeldi í bernsku. Hlutfall þeirra, sem beittir voru líkamlegu ofbeldi í bernsku er svipað frá ári til árs.




Tafla 12) Líkamlegt ofbeldi í hjúskap/sambúð

	Fjöldi	Hlutf.
Já	20	10,1%
Nei	171	85,9%
Ekki vitað	8	4,0%
<b>Samtals</b>	<b>199</b>	<b>100%</b>


Í töflu 12 kemur fram að um 10% þeirra kvenna sem leituðu til Stígamóta árið 2001 höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Athugið að heildarfjöldi í töflunni er 199, en það er sá fjöldi kvenna sem hefur verið í sambúð eða hjúskap.

Frá árinu 1992 sýna tölur okkar að á milli 10% og 21,4% kvennanna sem leitað hafa til Stígamóta höfðu búið við líkamlegt ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Hugsanlegt er að þessar tölur, bæði hvað varðar ofbeldi í bernsku og í hjúskap/sambúð, séu vísbendingar um hlutfall þeirra barna/kvenna, sem beitt eru líkamlegu ofbeldi í samfélaginu í heild.



Tafla 13) Hve lengi stóðu sífjaspellin?

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	Fjöldi
Eitt skipti	14,3%	21,4%	13,1%	19,5%	16,4%	12,4%	13,2%	2,7%	8,2%	13,3%	19
0-3 mánuði	11,3%	8,7%	11,8%	7,3%	8,2%	3,9%	5,1%	10,1%	8,9%	4,9%	7
4-6 mánuði	4,7%	6,8%	3,7%	2,9%	8,7%	5,6%	2,9%	2,7%	3,4%	5,6%	8
7-11 mánuði	7,6%	5,3%	4,1%	3,4%	3,7%	7,9%	3,7%	4,7%	2,7%	4,9%	7
Eitt ár	6,1%	5,8%	6,5%	6,8%	5,0%	5,6%	8,8%	12,8%	12,3%	13,3%	19
Tvö ár	8,5%	10,2%	12,2%	13,2%	15,0%	8,4%	16,2%	18,1%	16,4%	15,4%	22
Þrjú ár	8,7%	7,8%	9,4%	11,2%	15,1%	15,2%	10,3%	12,8%	10,3%	14,0%	20
Fjögur ár	9,9%	10,2%	11,4%	9,3%	9,6%	7,3%	10,3%	11,4%	11,6%	10,5%	15
Fimm ár	7,0%	6,3%	5,3%	8,8%	9,5%	10,7%	11,0%	6,7%	10,3%	4,2%	6
Sex ár	5,0%	4,9%	4,1%	4,9%	1,8%	5,1%	5,9%	4,7%	4,1%	3,5%	5
Sjö ár	3,2%	3,9%	5,3%	1,5%	0,9%	2,8%	1,5%	1,3%	0,7%	0,7%	1
Átta ár	5,0%	2,4%	5,7%	4,9%	1,4%	2,8%	1,5%	2,0%	2,1%	0,0%	0
Níu ár	3,5%	1,9%	1,2%	1,5%	0,5%	1,1%	1,5%	2,0%	0,0%	0,0%	0
Tíu ár	0,8%	1,5%	3,3%	2,4%	3,7%	1,1%	1,5%	2,0%	2,1%	1,4%	2
Lengur en tíu ár	4,4%	2,9%	2,9%	2,4%	0,5%	3,9%	0,0%	0,0%	2,7%	1,4%	2
Óvíst	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	6,2%	6,6%	6,0%	4,1%	7,0%	10
Hlutfall	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	
Fjöldi	343	206	245	205	219	178	136	149	146	143	



Tölurnar um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir, ber að taka með varið. Það reynist konum oftast erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd, sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Súluritið lýsir samanburði á milli ára. Algengast er að sífjaspellin standi í 1-5 ár.

Tafla 14) Hvar átti kynferðislega ofbeldið sér stað?

	Fjöldi	Hlutf.
Á sameiginlegu heimili	63	24,1%
Á heimili þolanda	33	12,6%
Á heimili ofbeldismanns	85	32,6%
Á vinnustað þolanda	3	1,1%
Á vinnustað ofbeldismanns	16	6,1%
Á víðavangi/leikvelli	17	6,5%
Í sumardvöl	6	2,3%
Á útihátíð	14	5,4%
Á skemmtistað	6	2,3%
Annars staðar	16	6,1%
Óvíst	2	0,8%
	<b>261</b>	<b>100%</b>


Í töflunni kemur fram að oftast á ofbeldið sér stað á sameiginlegu heimili þess sem fyrir ofbeldinu verður og ofbeldismanns; á heimili hennar eða heimili ofbeldismanns, samtals í um 69,3 % tilfella.

Í töflunni sem merkt er "annars staðar" eru um að ræða staði eins og bifreiðar, í tjaldi, í samkvæmi í heimahúsum eða í öðru húsnæði, sem ekki fellur undir hina staðina. Staðirnir eru fleiri en einstaklingarnir vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Fjöldi nauðgana á útihátíðum jókst úr 9 árið 2000 í 14 árið 2001.

Tafla 15a) Sagði þolandi frá ofbeldinu


	Fjöldi	Hlutf.
Já	47	20,9%
Nei	170	75,6%
Ekki vitað	8	3,6%
	<b>225</b>	<b>100%</b>

	Fjöldi	Hlutf.
Móður	19	27,5%
Faðir	10	14,5%
Maka	2	2,9%
Systkini	1	1,4%
Börnunum sínum	0	0,0%
Öðrum í fjölskyldunni	2	2,9%
Vini/vinkonu	21	30,4%
Fagaðila	7	10,1%
Öðrum utan fjölskyldu	7	10,1%
	<b>69</b>	<b>100%</b>




Tafla 15a sýnir hve margir sögðu frá ofbeldinu meðan það átti sér stað eða strax eftir að því lauk. Árið 2001 eru það rúmlega 20%, sem það hefur gert. Taflan sýnir einnig hverjum viðkomandi sagði þá frá, en algengast var að móðir eða vinkonu/vinur nyttu trúnaðar. Súluritið sýnir samanburð milli ára.

**Tafla 15b) Var viðkomandi trúað?**



Tafla 15b sýnir að af þeim sem sögðu frá ofbeldinu var 45 eða 90 % þeirra trúað og eitthvað gert í málinu.


**Tafla 16) Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis**



Hér er reynt að gefa til kynna tölulega þær afleiðingar kynferðisofbeldis, sem oftast eru nefndar í viðtölum. Í töflunni og súluritinu er getið um "svipmyndir", um er að ræða að myndir tengdar kynferðisofbeldinu skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum í huganum og valda miklu hugarangri.

Sektarkennd, skömm, léleg sjálfsmynd, depurð og erfiðleikar í nánum tengslum og í kynlífi eru algengustu og erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis. Undir liðnum sjálfsköðun flokkast til dæmis átröskun, en einnig er þekkt að konur skeri sig t.d. á handleggjum.

**Tafla 17 a) Sjálfsvígstíraunir þolenda**




**Tafla 17 b) Samanburður milli ára**

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Já	16,0%	14,2%	16,5%	19,1%	14,5%	13,0%	15,2%	14,6%	15,9%	13,8%
Nei	84,0%	85,8%	83,5%	80,9%	85,5%	87,0%	84,8%	82,4%	82,7%	81,8%
Fjöldi	456	309	346	283	256	215	178	213	214	225


Af þeim sem leituðu aðstoðar Stígamóta árið 2001, höfðu 31 eða 13,8 % gert eina eða fleiri tíraunir til sjálfsvíga. Í töflu 17b er fjöldi og hlutfall þeirra, sem reynt hafa sjálfsvíg borin saman eftir árum.

**Tafla 17 c) Sjálfsvígshugsanir þolenda**




Rúmlega 60 % þeirra sem til Stígamóta leituðu, lýstu sjálfsmorðshugleiðingum. Það er til marks um alvarleika afleiðinga kynferðisofbeldis að þeir sem fyrir því verða, kjósi jafnvel dauðann fram yfir líðan sína.

**Tafla 18) Hvar hefur aðstoðar verið leitað þegar komið er til Stígamóta?**



Hér er samtalan meira en 100% því sumir hafa víða leitað aðstoðar.

**Tafla 19 a) Tengsl við ofbeldismenn**



Í töflu 19a kemur fram að 256 ofbeldismenn höfðu beitt ofbeldi þá 225 einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2001. Súluaritíð sýnir tengsl einstaklinga við ofbeldismenn. Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 9.8 % ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2001 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu. Gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

**Tafla 19 b) Samanburður milli ára frá árinu 1992**

Nauðgun	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	Fjöldi
Faðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Móðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Stjúpfaðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Afi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Bróðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Systir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Frændi/frænka	4,0%	0,0%	0,0%	1,9%	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%	1,2%	2,2%	2
Vinur/kunningi	51,1%	41,7%	46,8%	52,2%	72,2%	47,4%	47,6%	66,2%	60,7%	54,4%	49
Maki	15,1%	17,7%	17,1%	16,2%	10,5%	17,5%	12,7%	9,5%	11,9%	13,3%	12
Umsjáraðili utan fjölskyldu	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Ókunnugur	29,9%	40,6%	36,1%	23,4%	15,0%	21,6%	27,0%	23,0%	20,2%	23,3%	21
Giftur inn í fjölskylduna	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	1,5%	4,1%	4,8%	1,4%	2,4%	0,0%	0
Fjölskylduvinur	0,0%	0,0%	0,0%	1,3%	0,8%	1,0%	4,8%	0,0%	0,0%	2,2%	2
Vinnuveitandi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,2%	2
Samstarfsmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,2%	1,1%	1
Annað	0,0%	0,0%	0,0%	3,9%	0,0%	6,2%	3,2%	0,0%	2,4%	1,1%	1
<b>Fjöldi</b>	<b>278</b>	<b>192</b>	<b>158</b>	<b>154</b>	<b>133</b>	<b>97</b>	<b>63</b>	<b>74</b>	<b>84</b>	<b>90</b>	

Sifjaspell	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	Fjöldi
Faðir	18,2%	11,3%	11,5%	15,2%	8,7%	18,5%	19,4%	14,1%	13,0%	20	13,4%
Móðir	0,2%	0,0%	0,5%	0,8%	0,0%	0,0%	0,0%	1,3%	0,7%	1	0,7%
Stjúpfaðir	9,5%	6,9%	8,8%	7,2%	6,8%	9,6%	6,5%	3,8%	7,5%	14	9,4%
Stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,9%	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Afi	8,5%	8,2%	7,7%	8,4%	7,3%	9,6%	9,4%	8,3%	13,7%	12	8,1%
Amma	0,2%	0,0%	0,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Bróðir	10,6%	14,8%	9,6%	13,9%	14,6%	11,2%	12,9%	15,4%	11,0%	19	12,8%
Systir	0,2%	0,7%	0,5%	0,4%	0,0%	1,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Frændi/frænka	26,4%	29,3%	24,5%	22,8%	19,2%	14,0%	25,9%	16,0%	12,3%	34	22,8%
Vinur/kunningi	26,2%	28,5%	36,5%	14,3%	16,9%	3,9%	10,8%	11,5%	7,5%	8	5,4%
Maki	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Umsjáraðili utan fjölskyldu	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	7,7%	8,9%	7	4,7%
Ókunnugur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,9%	2,1%	3	2,0%
Giftur inn í fjölskylduna	0,0%	0,0%	0,0%	6,3%	5,5%	5,6%	5,8%	8,3%	8,2%	14	9,4%
Fjölskylduvinur	0,0%	0,0%	0,0%	8,9%	17,4%	16,9%	6,5%	10,9%	13,7%	15	10,1%
Vinnuveitandi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Samstarfsmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Annað	0,0%	0,0%	0,0%	1,7%	2,7%	6,7%	2,2%	0,6%	1,4%	2	1,3%
<b>Fjöldi</b>	<b>473</b>	<b>231</b>	<b>364</b>	<b>237</b>	<b>219</b>	<b>178</b>	<b>139</b>	<b>156</b>	<b>146</b>	<b>149</b>	


Í töflu 19b eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman eftir tegund ofbeldis og árum. Taflan um nauðganir sýnir að nauðganir eiginmanna/sambýlismanna eru ekki óalgengar, en 13.3% þolenda hafa búið við slíkt ofbeldi. Fjöldi þeirra kvenna sem leituðu til Stígamóta árið 2001 vegna nauðgana jókst frá fyrra ári um rúm 7%.

## Kærð mál

Tafla 20) Kært til barnaverndarnefndar og hver kærði?

	Fjöldi	Hlutf.
Já	15	7,0%
Nei	194	90,7%
Ekki vitað	5	2,3%
<b>Samtals</b>	<b>214</b>	<b>100%</b>

	Fjöldi	Hlutf.
Foreldrar	1	6,7%
Móðir	8	53,3%
Annar	6	40,0%
<b>Samtals</b>	<b>15</b>	<b>100%</b>




Heildarfjöldi einstaklinga er í þessu tilfelli 214, en það er sá fjöldi sem beittur var ofbeldi undir 18 ára aldri.

Tafla 21) Kært til lögreglu og hver kærði?

	Fjöldi	Hlutf.
Já	24	9,4%
Nei	226	88,3%
Ekki vitað	6	2,3%
<b>Samtals</b>	<b>256</b>	<b>100%</b>

	Fjöldi	Hlutf.
Polandi	20	83,3%
Foreldrar	0	0,0%
Móðir	3	12,5%
Aðrir	1	4,2%
<b>Samtals</b>	<b>24</b>	<b>100%</b>



Tölur 20 og 21 sýna hve mörg þeirra kynferðisofbeldismála sem Stígamót fengust við árið 2001 voru kærð til barnaverndarnefnda og/eða lögreglu. Í ljós kemur að 7 % málanna voru kærð til barnaverndarnefnda og 9,4 % til lögreglu.

Af þeim málum sem til Stígamóta bárust, komust aðeins 12-14 % til opinberra aðila og er það umhugsunarefni. Ástæðurnar eru margar, m.a. þær að mál eru oft fyrnd þegar þau berast hingað, en einnig þær að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á að það nái rétti sínum hjá réttarkerfinu.

Af tölum 22-24 hér á eftir má ráða hvernig málum sem voru kærð til lögreglu reiðir af í dómkerfinu. Ekki skal því haldið fram að þessar tölur gefi hárrétta mynd af því hvernig málum reiðir af í réttarkerfinu en þær eru þó væntanlega vísbending um það.

Tafla 22) Var ofbeldismaður ákærður?

	Fjöldi	Hlutf.
Já	5	20,8%
Málið er vinnslu	15	62,5%
Málið fellt niður	4	16,7%
<b>Samtals</b>	<b>24</b>	<b>100%</b>


Tafla 23) Hvernig var dæmt í málinu í héraði?

	Fjöldi	Hlutf.
Dæmdur í fangelsi	3	60,0%
Dæmdur í skilorðsbundið fangelsi	2	40,0%
<b>Samtals</b>	<b>5</b>	<b>100%</b>

Tafla 24) Hvernig var dæmt í málinu í hæstarétti?

	Fjöldi	Hlutf.
Ekki vísað til hæstaréttar	4	80,0%
Sami dómur	1	20,0%
<b>Samtals</b>	<b>5</b>	<b>100%</b>

Tafla 25) Afdrif þeirra mála sem Stígamótum bárust árið 2001






## Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Tafla 26) Fjöldi ofbeldismanna og kyn þeirra

	Fjöldi	Hlutf.
Karl	253	98,8%
Kona	3	1,2%
<b>Samtals</b>	<b>256</b>	<b>100%</b>

Mikið hefur verið um það rætt hvort kynferðisofbeldi sé alfarið kynbundið ofbeldi, það er hvort það séu fyrst og fremst karlar, sem beiti konur, börn og aðra karla ofbeldi. Í töflunni og súluritinu hér að ofan kemur í ljós að karlar eru 98,8 % þeirra sem að beitt hafa því kynferðisofbeldi sem hér um ræðir.



## Tölulegar upplýsingar um félagslega stöðu ofbeldismanna

Tafla 27) Aldur þeirra sem ofbeldið frömdu, þegar það var framið

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
1-10 ára	2,9%	0,4%	0,6%	0,5%	0,3%	0,3%	0,9%	0,4%	0,0%	0,0%
11-15 ára	7,9%	14,3%	15,3%	16,0%	17,2%	12,6%	14,4%	8,1%	6,8%	17
16-18 ára	14,6%	11,0%	12,3%	9,3%	13,9%	8,2%	11,6%	10,9%	8,0%	26
19-29 ára	20,9%	20,7%	18,8%	24,3%	19,9%	19,1%	16,7%	25,4%	33,8%	89
30-39 ára	21,9%	23,4%	20,5%	23,1%	23,0%	19,5%	23,1%	16,5%	26,6%	74
40-49 ára	11,6%	11,4%	10,5%	8,4%	8,2%	12,3%	12,0%	14,1%	11,8%	28
50-59 ára	5,0%	5,6%	5,7%	5,2%	6,3%	5,1%	5,6%	5,6%	6,8%	7
60 ára og eldri	3,2%	5,0%	8,4%	7,1%	6,6%	5,8%	1,9%	3,2%	5,1%	7
Óvíst	12,1%	8,3%	7,9%	6,1%	4,6%	17,1%	13,9%	15,7%	1,3%	8
<b>Fjöldi</b>	<b>786</b>	<b>483</b>	<b>525</b>	<b>407</b>	<b>366</b>	<b>283</b>	<b>216</b>	<b>248</b>	<b>237</b>	<b>256</b>


Tafla 27 sýnir að það er næsta algengt að ungir piltar beiti sér yngri börn ofbeldi af kynferðislegum toga. Vert er að taka fram að hér er ekki um að ræða meinlausa "læknisleiki" barna. Þolendur ofbeldisins upplifa það sem ógnandi og meiðandi. Flestir eru ofbeldismennirnir annars á "besta" aldri.

Tafla 28) Menntun ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Er í skyldunámi	4,2%	14,7%	4,4%	10,6%	12,6%	4,4%	5,1%	9,3%	7,2%	7,0%
Er í framhaldsskóla	1,1%	6,6%	4,0%	7,4%	8,5%	4,1%	8,8%	10,9%	12,7%	11,7%
Er í háskóla	0,8%	0,8%	0,4%	1,2%	1,6%	2,0%	2,3%	1,2%	2,5%	1,6%
Lokið skyldunámi	22,8%	54,5%	55,4%	56,8%	54,9%	57,0%	57,4%	38,7%	33,3%	25,0%
Lokið framhaldsskóla	3,8%	8,7%	11,3%	8,1%	5,5%	8,5%	10,2%	13,3%	17,3%	22,7%
Lokið háskóla	2,9%	4,3%	3,1%	3,9%	4,6%	4,8%	7,4%	2,8%	4,2%	4,7%
Lokið öðru sérnámi	7,1%	6,8%	5,9%	6,4%	5,7%	6,5%	2,3%	4,0%	3,0%	7,0%
Lauk ekki skyldunámi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,4%	0,0%
Óvíst	57,3%	35,0%	15,5%	5,7%	6,6%	12,6%	6,5%	19,8%	19,0%	20,3%
<b>Fjöldi</b>	<b>786</b>	<b>483</b>	<b>522</b>	<b>407</b>	<b>366</b>	<b>293</b>	<b>216</b>	<b>248</b>	<b>237</b>	<b>256</b>

Tafla 28 um menntun ofbeldismanna sýnir að menntunarlegur bakgrunnur þeirra er mismunandi þegar þeir beita þolendur kynferðisofbeldi, þó verður að geta þess að oft kemur menntun ofbeldismanna ekki fram í viðtölum og því er óvissuþátturinn stór.

Tafla 29) Atvinna ofbeldismanna



Tafla 29 sýnir atvinnu ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið. Af þeim upplýsingum sem koma fram í töflunum hér að ofan er óhætt að fullyrða að ofbeldismennirnir séu á öllum aldri, hafi mismunandi menntunarlegan bakgrunn og að þeir komi úr öllum starfsstéttum þjóðfélagsins.

**Tafla 30) Hjúskaparstaða ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið**

	Fjöldi	hlutf.
Einhleypur	60	23,4%
Í sambúð	21	8,2%
Giftur	91	35,5%
Innan 18 ára	40	15,6%
Er að skilja	2	0,8%
Fráskilinn	2	0,8%
Ekill	3	1,2%
Óvíst	37	14,5%
	<b>256</b>	<b>100%</b>

Í töflunni er miðað við hjúskaparstöðu þegar ofbeldið er framið. Um 44 % þeirra sem vitað er um, hafa verið í hjúskap eða sambúð þegar þeir frömdu ofbeldið.

**Tafla 31) Börn ofbeldismanna í dag**

	Fjöldi	Hlutf.
Já	115	44,9%
Nei	51	19,9%
Ekki vitað	90	35,2%
	<b>256</b>	<b>100%</b>

Af töflu 31 má sjá að 115 þeirra kynferðisbrotamanna sem komið hafa til kasta Stígamóta eiga börn eða tæp 45%.

Stígamót, Vesturgötu 3, 101 Reykjavík  
Símar: 562 6868 / 800 68 68  
Þjónustusími við konur í kynlífsþjónustu: 800 5353  
Bréfasími: 562 6857  
Netfang: [stigamot@stigamot.is](mailto:stigamot@stigamot.is)  
Veffang: [www.stigamot.is](http://www.stigamot.is)